

Lög

Nr. 57
28. nóv.

um

heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að auka seðlaupphæð þá, er Íslandsbanki má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, 4. gr., svo sem viðskiftaþörfin krefur að dómi landsstjórnarinnar. Þessa viðbót við seðlaútgáfunna má þó því að eins leyfa, að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr $2\frac{1}{2}$ miljón króna, sje málmforði, samkvæmt 5. gr. nefndra laga.
2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2% á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2\frac{1}{2}$ miljón króna og málmforðinn nægir ekki til.
3. bankinn greiði ókeypiss og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytji á sama hátt og ókeypiss það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti sem innieign Íslandsbanka þar leyfir.

2. gr.

Bankanum er skylt, að viðlögðum missi seðlaútgáfurjettar síns, að innleysa alla þá seðla, er hann hefir gefið út samkvæmt lögum þessum, jafnskjótt og landsstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður.

Nr. 57
28. nóv.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918 og gilda til 1. maí 1921.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.

Nr. 58
28. nóv.

Lög

um

breytingar á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn
á Siglufirði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Lögreglustjórinn í Siglufjarðarkaupstað er bæjarfógeti í kaupstaðnum og er launaður úr rikissjóði. Hann hefir á hendi öll hin sömu störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á öllum tekjum rikissjóðs og önnur störf, alt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum, og stjórn málefna kaupstaðarins.

2. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti. Hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum. Fyrir oddvitastarfið hefir hann þóknun úr bæjarsjóði eftir ákvæðum bæjarstjórnar, þó ekki minna en 500 kr.